

**STARFSSKILYRÐI VEGNA MENGUNARVARNA
FYRIR VIRKJANIR, VARAAFLSTÖÐVAR,
SPENNISTÖÐVAR, ORKUVEITUR OG AÐRA
SAMBÆRILEGA STARFSEMI**

Kröflustöð

Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hávaða, geislunar, titrings og varmaflæðis.

1. ALMENNT

- 1.1. Draga skal úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.
- 1.2. Húsnæði og umhverfi fyrirtækisins og einstakra starfsstöðva skal þannig útbúið og frágengið að ekki valdi óþrifum, mengun, óþarfa ónæði, óhollustu, óþrýði eða hættu fyrir almenning.
- 1.3. Ef þarf að geyma vélar og tæki utandyra skal raða þeim upp á snyrtilegan hátt og eftir atvikum byrgja innsýn á svæðið, t.d. með porti, jarðvegsгарði og/eða limgerði.

2. MENGUNARVARNIR

2.1. Úrgangur:

- 2.1.1. Draga skal eins og unnt er úr framleiðslu úrgangs (hrein framleiðslutækni), auka endurnotkun og endurnýtingu (þ.m.t. endurvinnslu og orkuvinnslu), þannig að úrgangur valdi sem minnstum áhrifum í umhverfinu.
- 2.1.2. Úrgang skal flokka í samræmi við það flokkunarkerfi sem er í notkun á hverjum tíma og flytja reglulega til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar á viðurkenndum förgunarstað, sbr. samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000.

2.2. Spilliefni:

- 2.2.1. Til spilliefna teljast öll þau efni sem eru upp talin í grein 2.2.5. í starfsreglum þessum og jafnframt er vísað til reglugerða um spilliefni.
- 2.2.2. Draga skal úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurvinnslu efna.
- 2.2.3. Spilliefnum má ekki blanda saman við annan úrgang. Þeim skal safna í lokuð ílát sem þola viðkomandi efni. Ílátin skal merkja vel og geyma þar sem óviðkomandi komast ekki að.
- 2.2.4. Spilliefnum skal skila reglulega til viðurkenndrar móttökustöðvar, þ.á.m. eru eftirtalin efni:
- 2.2.5. Einangrunarolía á rafspennum og öðrum búnaði, þ.m.t. olía sem er menguð PCB, eða með öðrum hættulegum staðgengilsefnum, úrgangsolía, olíusori, bor- og snittolía, kæliolía, notaðar olíusúr, olú- og tjöruhreinsiefni og frostvökvi (> 25% glýkól). Rafflöður, rafgeymar og rafgeymasýra. Leysiefni og þynnir, t.d. terpentína (white spirit), acetón og sterk þvottaefni. Málningar-, fúavarnar-, lakk- og límafgangar. Ætandi efni, þ.e. sýrur, lútar (t.d. vítíssóði) og oxandi efni. Klórflúorkolefni (freon) og aðrir kælimiðlar og efni sem eru ósóneyðandi og/eða hafa gróðurhúsaáhrif.

2.2.5. Þegar spilliefnum er skilað skal kvittun fyrir skilunum fengin frá flutningsaðila eða móttökustöðinni. Á kvittuninni skal koma fram nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu. Næsta móttökustöð er hjá Sorpsamlagi Þingeyinga Húsavík sími 464-1519.

2.3. Fráveituvatn:

2.3.1. Fráveituvatni skal farga á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hætta af og röskun á lífríki verði sem minnst. Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, leysiefni eða önnur spilliefni í fráveitu. Stærri ílát og búnaður með olíu og öðrum hættulegum efnum skulu standa í lekabyttu. Búnaður til að loka niðurföllum (dúkur, tappi) skal vera tiltækur þar sem hætta er á að spilliefni renni niður og sömuleiðis ísogsefni eða olíuhámar til hreinsa upp spilliefni.

2.3.2. Á árunum 2018 og 2019 skal rekstraraðili draga markvisst úr umhverfismengun í Dallæk og Búrfellshraun af völdum brennisteinsleðju og þungmálma í samræmi við minnisblað Landsvirkjunar dags. 3. janúar 2018 .

2.3.3. Ávallt skal velja sem minnst mengandi aðferð við þrif á vélum, s.s. að skrapa eða þurrka óhreinindi, að nota lokuð kerfi til vélaþvotta án leysiefna, t.d. gufuþvott og háþrýstíþvott. Ef nota þarf olíu- eða tjöruþvottaefni eru alkalísk hreinsiefni og smáþeytuefni yfirleitt heppilegust. Notkun kaldhreinsiefna og terpentínu skal halda í lágmarki.

2.3.4. Allur þvottur sem getur haft í för með sér olíusmit eða leysiefnamengun skal fara fram á vökvaheldu yfirborði og slíkt fráveituvatn leitt í lokaða safnþró eða um olíuskilju. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskilju. Um hönnun og stærð olíuskilja skal fara eftir leiðbeiningariti Umhverfisstofnunar.

2.3.5. Rafspennar sem eru staðsettir þannig að einangrunarolía geti borist í grunn- eða yfirborðsvatn skulu alltaf búnir lekaþró. Aðrir spennar og spennivirki þar sem magn einangrunarolíu er meira en 2.000 l skulu búnir olíuheldri lekaþró sem rúmar a.m.k. olíu þess spennis sem er stærstur. Vatn skal tæma reglulega úr lekaþró. Allar tengingar skal leggja yfir vegg lekaþróar. Olíumengað vatn skal hreinsa í olíuskilju.

2.3.6. Hafi verulegt magn af olíu (>100 l) af olíu borist út í umhverfið og ekki tekist að ná olíunni upp innan tveggja klukkustunda frá óhappi, skal samdægurs senda skriflega áætlun um aðgerðir til heilbrigðiseftirlitsins. Ef vafi leikur á um tegund einangrunarolíu eða innihald skal taka sýni til greiningar vegna PCB og hættulegra staðgengilsefna. Olíumengaðan jarðveg skal meðhöndla í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar

2.3.7. Skólþ frá starfsmannaaðstöðu og íbúðarhúsum skal leiða í rotþró og siturlögn í samræmi við leiðbeiningarit Umhverfisstofnunar. Rotþrær skal tæma reglulega. Seyru skal flytja á viðurkenndan móttökustað.

2.4. Hávaði:

2.4.1. Takmarka skal hávaða eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðamörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða sk. reglugerð um hávaða nr. 724/2008

2.5. Loft:

2.5.1. Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti.

2.5.2. Þess skal gætt að daunillar eða lyktarmiklar lofttegundir, reykur, ryk og hættulegar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Loftræstingu frá mengunaruppsprettum skal leiða út á viðurkenndan hátt.

2.5.3. Hafa skal reglubundið eftirlit með loftgæðum. Mæla skal útblástur brennisteinsvetnis (H₂S) og koldíoxíðs (CO₂) og halda þar um bókhald sem aðgengilegt er heilbrigðisfulltrúa.

2.5.4. Halda skal skrá yfir fjölda háspennurofa og annan búnað sem inniheldur gróðurhúsalofttegunda eða ósóneyðandi efni, þ.e. heildarmagn og rýrnun. Miða skal við að lágmarka rýrnun eftir því sem frekast er unnt.

2.5.5. Við endurnýjun á rofum og öðrum búnaði skal forðast notkun á gróðurhúsalofttegundum og ósóneyðandi efnum.

3. MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

3.1. Umbúðir hættulegra efna skulu merktar með varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum sbr. ákvæði reglugerðar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, nr. 236/1990, með síðari breytingum. Geyma skal öll hættuleg efni, efnasambönd og efnaúrgang á öruggan hátt og í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

3.2. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.3. Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna, sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar um ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.

4. EIGIÐ EFTIRLIT

4.1. Fyrirtækið skal halda rekstrarbók þar sem eftirfarandi er skráð:

a) Atvik er mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.

- b) Fjöldi rafspenna, tegund og magn einangrunarolíu og rýrnun.
- c) Fjöldi háspennurofa, tegund og magn gróðurhúsalofttegunda/ósóneyandi efna og rýrnun.
- d) Notkun, flutningur og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.
- e) Magn olíusora og sands í olíuskilju, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.
- f) Rannsóknir og vinnslueftirlit m.a. með efnagreiningu vatns og gastegunda frá virkjun og öðrum mannvirkjum og affalsvökva sem leitt er í jarðlög eða annarrar förgunar eða nýtingar.
- g) Tæming og meðferð seyru úr rotþróum.

Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik varðandi mengun ásamt öðrum þáttum er geta varðað almannaheill. Fyrirtækið skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra niðurstöður umhverfisvöktunar og rannsókna á árlegum samráðsfundi sem hald skal eigi síðar en 15. júní ár hvert.

- 4.2. Á hverri vinnuvakt skal starfa vaktstjóri, sem hefur góða þekkingu á búnaði og starfsreglum þessum sem og öðrum reglum fyrirtækisins.

5. VIÐBRÖGÐ VIÐ MENGUNARÓHÖPPUM

- 5.1. Fyrirtækið skal eiga sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum.
- 5.2. Ef mengunaróhapp verður skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að fyrirbyggja frekari skaða og grípa til hreinsana og mótvægisáðgerða. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlitið og aðra eftirlitsaðila eftir því sem við á. Ávallt skal tilkynna meiriháttar frávik varðandi mengun og annað sem varðar almannaheill.

6. ÝMIS ÁKVÆÐI

- 6.1. Eintök af starfsreglum þessum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við starfsreglur þessar.
- 6.2. Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á rekstri skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Hafnarstétt 3, Húsavík, sími 464-2690& 898-8340 , netfang: oggi@hne.is
- 6.3. Um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980, með síðari breytingum, og reglum settum samkvæmt þeim. Og um öryggi raforkuvirkja, neysluveita og raffanga fer samkvæmt lögum nr. 146/1996.
- 6.4. Um innflutning, notkun og förgun PCB, PCT og umhverfisskaðlegra staðgengislsefna þeirra gildir reglugerð nr. 323/1998
- 6.5. Um varnir gegn mengun af völdum ósóneyðandi efna gildir reglugerð nr. 586/2002, með síðari breytingum.
- 6.6. Um olíugeyma og frágang þeirra fer samkvæmt reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, nr. 35/1994.

- 6.7.** Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrði ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ófyrirséð vandamál, s.s. skaðleg áhrif á umhverfi eða almenning. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða bætt tækni til mengunarvarna.
- 6.8.** Tilkynna skal til heilbrigðiseftirlitsins ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður eða ef eigendaskipti verða. Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efnaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

5. Gildistaka

- 5.1** Starfsleyfi þetta öðlast gildi 1. september 2014 og gildir í tólf ár frá útgáfudagi eða til . 1. september september 2026. Falla þá úr gildi starfsleyfisskilyrði er varða Kröflustöð frá 24. september 2009. Skilyrði í eldra starfsleyfi er varða Bjarnarflagsstöð gilda áfram til og með 1. september 2018, en falla þá sjálfkrafa úr gildi